



Norðurþing  
b.t Sveitarstjóra  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Harðbak 7. janúar 2023.

Efni: Breyting á refa- og minkaveiði í Norðurþing.

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands hefur fengið kvörtun frá stjórn Æðarræktarfélags N-Austurlands vegna fyrirhugaðra breytinga á refa- og minkaveiði í Norðurþingi. Stjórn ÆÍ hefur fengið afrit af samningi sem Norðurþing býður verðandi veiðimönnum og vill gera eftirfarandi athugasemdir við umræddan samning.

1. Í samningnum er gert ráð fyrir að svæðum verði úthlutað og sami veiðimaðurinn sinni bæði refa- og minkaveiði. Þetta á ekki saman á þessu svæði þar sem refir halda sig á grenjatíma upp til heiða en minkurinn heldur sig að mestu við sjó og vötn. Í minkaveiði má hafa hunda en það er ekki leyfilegt í refaveiði. Ekki er neitt til fyrirstöðu að sami maður sjái um veiði á ref og mink á veturnar þegar bæði dýrin halda sig niður við sjó, en þetta á alls ekki saman á grenjatíma. Fyrir æðarbændur er mjög mikilvægur tíminn frá því að varpið er friðað 15. apríl og fram til 15. júlí. Ef ekki er gerð góð leit að ref og mink áður en fuglinn fer í varp og er í varpi þá getur skaðinn orðið mjög mikill auk fjárhagstjóns. Á Harðbak á Melrakkaslétu fór minkur í hólmann í Hraunhafnarvatninu fyrir 3 árum og allt varpið þar eyðilagðist. Ekki bara það sumar heldur hafa kollurnar ekki enn skilað sér aftur í varp í þennan hólma.
2. Í 2. grein samningsins er tilgreint að ekki sé gerð krafa um að veiðimenn framkvæmi skipulega grenjaleit. Hefur sveitfélagið fengið leyfi hjá Umhverfisstofnun að sleppa grenjavinnslu? Í reglugerð nr.437/1995 um refa- og minkaveiðiar 4 gr. segir: „ Telji sveitarstjórn og veiðistjóri ekki þörf á að stunda grenjavinnslu og minkaveiðar á hluta þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. viðauka er þeim heimilt með samþykki umhverfisstofnunar að gera með sér samkomulag um takmörkun veiða á svæðinu.“ Markmið veiða á refi og mink er að draga úr tjóni. Sérstaklega er talað um í reglugerðinni 3. gr., að til að koma í veg fyrir eða draga úr tjón þá eigi að stunda grenjavinnslu frá 1. maí til 31. júlí. Með þessarri ákvörðun að sleppa grenjavinnslu

er fyrir séð að það mun valda miklu tjóni fyrir æðarbændur. Refum mun fjölga og þeir munu flæða yfir æðarvörpin.

3. Í reglugerðinni um refa- og minkaveiðar 4. gr segir: „ Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóra, að veiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu og minkaveiða árlega.“ Það er beinlínis sagt að sveitastjórn sé skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu. Þannig að ekki verður séð að sveitarfélaginu sé stætt að láta standa ákvæðið í 2. gr. í samningi við veiðimenn, að ekki sé gerð sú krafa til veiðimanna að þeir framkvæmi skipulega grenjavinnslu.

Stjórn ÆÍ óskar eftir því við Norðurþing að fá upplýsingar um hvað mörg refagreni eru skráð í Norðurþingi. Ekki er verið að biðja um staðsetningu heldur aðeins fjölda eftir svæðum.

Hver tekur á mótí tilkynningum um skaða vegna minka og refa í Norðurþingi? Hvað margar tilkynningar hefur Norðurþing fengið um skaða vegna minka og refa í sveitafélaginu á síðustu árum, 2022, 2021 og 2020.

Formaður ÆÍ óskar eftir fundi við sveitarfélagið til að ræða breytingu á veiði refa og minka í Norðurþingi.

F.h. stjórnar Æðarræktarfélags Íslands.



Margrét Rögnvaldsdóttir formaður.

[margretrognvalds@gmail.com](mailto:margretrognvalds@gmail.com)